



Áveitan

9. tbl. 19. árgangur. September 2025



FLÓAMÓT UMF. ÞJÓTANDA

Flóamótið verður í ár haldið í tengslum við Fjölskyldudag Flóaskóla, föstudaginn 5. september næstkomandi og hefst mótið kl 10:00.

Mótið er íþróttamót fyrir krakka 16 ára og yngri og fer fram á íþróttavellinum við Flóaskóla. Þar verður keppt í eftirtöldum greinum:

4. bekkur og yngri: 60 m hlaup, 400 m hlaup, langstökk og kúluvarp

5. – 7. bekkur: 60 m hlaup, 400 m hlaup, langstökk og kúluvarp

8. – 10. bekkur 80 m hlaup, 400 m hlaup, langstökk og kúluvarp

Einnig verður keppt í sérstökum aðstandendaflokki fullorðinna í 60 m hlaupi ef þátttaka næst. Þar geta foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir látið ljós sitt skína og látið gamla keppnisdrauma rætast.

Krakkarnir skrá sig til þátttöku á staðnum og eru foreldrar hvattir til að mæta og rétta hjálparhönd við framkvæmd mótsins. Umf Þjótandi býður upp á ís í mótslok og í hádeginu býður Flóaskóli upp á grillaða hamburgara.

Sjáumst sem flest.



ÁFRAM ÞJÓTANDI!

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá Flóahreppi



Kæru lesendur Áveitunnar

Í síðustu fréttapistlum frá sveitarfélaginu höfum við farið yfir helstu framkvæmdir og verkefni sumarsins. Eins og fram hefur komið þá hefur ýmislegt verið í gangi í framkvæmdum, verkefnum í vatnsveitunni og í vinnuskólanum og erum við virkilega ánægð með það sem hefur áunnist í

sumar. En framkvæmdatíminn er ekki búinn og verktakar í vatnsveitunni halda áfram að vinna að þeim fjárfestinga- og viðhaldsverkefnum og nýframkvæmdum sem snúa að vatnsveitunni og sömuleiðis eru heilmiklar framkvæmdir framundan í september-október í salnum í Þingborg þegar sviðið í salnum verður tekið, íþróttasalurinn stækkaður og nýr dúkur settur á gólf. Á meðan framkvæmdir standa yfir í Þingborg mun Flóaskóli nýta Félagslund eins og þarf fyrir íþróttakennslu sem og Ungmennafélagið Þjótandi vegna íþróttæfinga.

Á allra næstu vikum ætti úboð vegna gatnagerðar og veitna í nýja íbúðarsvæðinu við Þingborg að fara í loftið og við höfum væntingar til þess að fá einhvern öflugan verktaka í það verkefni þannig að framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Samhliða undirbúningi útboðs er unnið að endurskoðun á úthlutunarreglum, fráveitusamþykktum, samþykktum um gatnagerðargjöld og öðrum undirbúningi í stjórnsýslunni sem óhjákvæmilega þarf í tengslum við þessa íbúðarbyggð og fyrstu merki þéttbýlis í sveitarfélaginu. Deiliskipulagið fyrir nýja athafnasvæðið í Heiðargerði hefur verið samþykkt og því styttest í að við getum farið að auglýsa nýjar lóðir undir atvinnustarfsemi á því svæði.

Leik- og grunnskóli eru komnir á fullt og fer starfið vel af stað í báðum skólum. Veðurbliðan hefur leikið um nemendur og starfsfólk á þessum fyrstu dögum nýs skólaárs og mikil áhersla lögð á útikennslu á meðan hægt er enda búa skólarnir okkar að þeim forréttindum að það er stutt í fallega og fjölbreytta náttúru og einnig bjóða skólalóðirnar upp á ýmskonar áskoranir fyrir nemendur í leik og starfi.

Vegagerðin sinnir kantslætti skv. þeirra áætlun þar um sem og heflun fyrir veturinn. Enn er ekki ljóst hvenær haustheflun í Flóahreppi hefst skv. upplýsingum frá Vegagerðinni. Flóahreppur og Vegagerðin munu í sameiningu bjóða út snjómokstur en samningar eftir síðasta útboð runnu út í vor. Auglýsing mun birtast á næstu vikum.

Til stendur að stækka grenndarstöðina við Þingborg og opna plast, pappa og almennan gám fyrir almenning. Það mun nýtast íbúum og sérstaklega frístundahúsaeigendum í sveitarfélaginu. Þessir flokkar munu bæstast við gáma fyrir gler, málma og textíl. Gámarnir verða með litlum opum og eru eingöngu ætlaðir til þess að losa sig við hefðbundið heimilissorp. Mikilvægt er að gengið sé vel um svona grenndarstöðvar svo hægt sé að bjóða upp á opið svæði. Reiknað er með að þetta verði tilbúið í september-október.

Minnt er á möguleikann á mat fyrir eldri íbúa sem hægt er að sækja eða borða á staðnum í mötuneyti Flóaskóla í Þjórásarveri þá daga sem Flóaskóli er starfandi. Gjald fyrir máltíðir fer eftir samþykkttri gjaldskrá sveitarfélagsins og skráningar fara í gegnum ritara Flóahrepps, anna@floahreppur.is, eða í síma 480-4370. Það er í boði að skrá sig á ákveðna daga, frá 1x í viku og upp í 5x í viku þá daga sem nemendur Flóaskóla eru í skólanum.

Að lokum er gaman að segja frá því að Flóahreppur, ásamt sveitarfélögunum í uppsveitum Árnessýslu, fengu á dögnum verkefnastyrk til almenningssamgangna á milli byggða. Upphæð styrksins er 2,2 milljónir. Styrkurinn er veittur skv. aðgerð A.10 í byggðaáætlun, Almenningsamgöngur milli byggða en mark-

miðið með aðgerðinni er að styðja við þróun almennings-samgangna milli byggða m.a. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu. Styrkurinn verður nýttur til að gera fýsileikakönnun svo hægt sé að greina þarfir og kortleggja almenningssamgöngur og tómstundaakstur í Árnessýslu með tilliti til barna- og unglingastarfs sem og fyrir eldri borgara sem þurfa að sækja þjónustu utan lögheimilis. Vonandi skilar sú vinna þeim árangri að við getum stillt upp raunhæfum möguleikum varðandi akstursþjónustu.

Næstu fundir sveitarstjórnar:

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps verða 2. september og 16. september. Efni fyrir fundi þurfa að berast í síðasta lagi kl. 12:00 á föstudegi fyrir fund á netfangið floahreppur@floahreppur.is eða með því að koma með erindi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.

Gámasvæði ÍGF:

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/>

islenskagamafelagid - sudurlandi/

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni. Hægt er að panta til sín gáma á eigin vegum með því að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is.

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippi-kort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippi-kortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslundi:

Sveinn Hafsteinn Gunnarsson og Hildur Kristín Hallgrímsdóttir sinna húsvörslu í Þingborg og Félagslundi. Bókanir og fyrir-spurnir vegna félagsheimilanna berist á netfangið

thingborg@gmail.com

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opin frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdis bókari, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi og fasteignagjöldum: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags og byggingarmála og umsjón með tæmingu rotþróa (Seyruverkefnið):

UTU er staðsett á Laugarvatni. Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00. Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara. Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar. Sími: 480- 1180 Heimasíða: www.arnesthing.is

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Vetrarstarf Umf Þjótanda

2025—2026

Æfingar fyrir 2.–4. bekk

Æfingar fyrir nemendur í 2.–4. bekk verða á föstudögum innan stundatöflu Flóaskóla. Þær hefjast að loknum hádegismat og standa til kl. 13:45. Æfingarnar fara fram á íþróttasvæðinu við Flóaskóla í upphafi haustannar en flytjast inn í Félagslund eða Þingborg þegar líða tekur á haustið. Auglýst betur síðar.

Möguleiki á þátttöku nemenda í 1. bekk fer eftir fjölda skráninga úr 2. – 4. bekk. Ef sá möguleiki opnast verður það auglýst sérstaklega síðar í haust.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir 5. September á netfangið orvar@floaskoli.is.

Fyrsta æfing verður föstudaginn 30. ágúst. Öllum velkomið að prófa að vera með. Þjálfari: Örvar Rafn Hlíðdal.

Æfingar fyrir 5.-6. bekk

Æfingar fyrir 5.–6. bekk verða á miðvikudögum í vetur. Þær hefjast á útsvæðinu við Þingborg því ekki er hægt að vera inni í salnum vegna framkvæmda. Æfingarnar færast sennilega tímabundið inn í Félagslund síðar í haust og verður það auglýst sérstaklega.

Rúta keyrir frá Flóaskóla kl 13:40 og æfingunni líkur kl 15:30. Foreldrar sækja í Þingborg. Þjálfarar eru þau Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Helgi Reynisson. Fyrsta æfing verður 3. september.

Skráning þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið gbriets@gmail.com svo hægt sé að skipuleggja akstur.

Æfingar fyrir 7.-10. bekk

Æfingar fyrir 7.-10. bekk verða á miðvikudögum frá 15:30-17:00. Þær hefjast á útsvæðinu við Þingborg en færast svo sennilega tímabundið inn í Félagslund þegar líður á haustið. Þjálfari Guðmunda Bríet Steindórsdóttir. Foreldrar keyra og sækja. Fyrsta æfing 3. september. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig á þessar æfingar.

Á Þjótandaæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálsar íþróttir. Foreldrar eru hvattir til að skiptast á um akstur til og frá æfingum.

Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálsar, en foreldrar eru hvattir til að greiða árgjald félagsins þegar það er innheimt.

Í vetur verða haldnir Héraðsleikar HSK og Aldursflokkmót HSK. Þetta eru skemmtileg mót þar sem margir íþróttagarpar hafa tekið sín fyrstu skref í keppni.

Umf Þjótandi stefnir á að mæta á þessi mót með öflugan keppendahóp að vanda.

Flóamót

Umf Þjótandi heldur sitt árlega Flóamót föstudaginn 5. september, á íþróttavellinum við Flóaskóla, milli kl 10:00 – 11:30. Mótið er að þessu sinni haldið í tengslum við Fjölskyldudag Flóaskóla en þann dag er uppbrot á hefðbundnum skóladegi og fjölskyldur nemendur hvattir til að koma í skólann og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá.

Flóamótið er fyrir krakka 16 ára og yngri. Keppt er í þremur aldursflokkum í spretthlaupi, langstökki, kúluvarpi og 400m hlaupi.

Við hvetjum unga sem aldna til að taka þátt í starfi Umf Þjótanda og eru nýir félagsmenn alltaf velkomnir. Frekari upplýsingar um starf félagsins veitir Guðmund Bríet Steindórsdóttir, formaður á netfangið

gbriets@gmail.com

Frá Gjaldkera Umf Þjótanda

Í september mun gjaldkeri Umf Þjótanda senda út árgjöld félagsins og áskriftargjöld til þeirra sem fá Áveituna senda í prentformi.

Ef einhverjar spurningar vakna vegna þeirra má hafa samband á umfthjotandi@gmail.com.

Harpa Magnúsdóttir, Gjaldkeri Umf Þjótanda



Messur í kirkjum Flóahrepps til áramóta

21. september

Messa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00

12. október

Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju kl. 14.00.

Messukaffi, Pálínuboð í Þjórsárveri að lokinni messu.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir

9. nóvember

Messa í Hraungerðiskirkju kl. 14.00. Prestur sr. Anna Eiríksdóttir

16. nóvember

Messa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00

30. nóvember

Aðventukvöld í Villingaholtskirkju kl. 20.00, sr. Gunnar Jóhannesson

25. desember

Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 11.00

25. desember

Hátíðarguðspjónusta í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00

26. desember

Hátíðarguðspjónusta í
Hraungerðiskirkju kl.
11.00

26. desember

Hátíðarguðspjónusta í
Laugardælakirkju kl.
13.00



Frá Kirkjukór Hraungerðis og Villingaholtskirkju Nýjar raddir velkomnar í kórinn

Guðmundur Eiríksson, sem verið hefur organisti við kirkjurnar í fjölmörg ár, lét af störfum í vor og þökkum við honum kærlega fyrir samstarfið.

Nýr organisti og kórstjóri, Pétur Nói Stefánsson, hefur verið ráðinn og hefur hann störf með kórnum í haust.

Æfingar kórsins fara fram á þriðjudögum í Þingborg milli kl. 20.00 til 22.00 og er fyrsta æfing þriðjudagskvöldið 9. september. Við viljum endilega fá fleiri góðar raddir í okkar hóp og bjóðum ykkur velkomin að koma með okkur í kórinn.

Áhugasamir hafi samband við Pétur Nóa í Netfangið peturnoi@gmail.com eða í síma 8576808

Það er gott og gefandi að starfa í kór



60+ í Flóahreppi

Í sumar hafa verið vikulegar göngur víða um sveitarfélagið undir leiðsögn staðkunnugra og hafa þær verið afskaplega vel sóttar og fróðlegar. Viljum við færa leiðsögufólkinu okkar bestu þakkir fyrir að gefa sér tíma til að taka á móti okkur og öllum þátttakendum fyrir þátttökuna.

Miðvikudaginn 3. september hefst svo vetrarstarfið með fyrsta kaffihittingnum í Þjórsárveri. Þið megið endilega mæta með skemmtilegar hugmyndir fyrir vetrarstarfið. Við höldum okkur við sama tíma og síðasta vetur, á milli kl 16:00 – 18:00 en húsið opnar 15:30.

Við höldum okkur við hittinga á 3ja vikna fresti. Annar hittingur vetrarins er því 24. september.

Hittumst hress, Nefndin


Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarf fer prýðilega vel af stað og allt útlit fyrir gott skólaár framundan. Skólasetning fór fram í Þjórsárverri 25. ágúst síðastliðinn, í yndislegu veðri. Það var gaman að sjá hversu margir komu til að vera við skólasetninguna.



Fyrstu dagar skólaársins hafa að mestu verið nýttir til útikennslu enda hefur veðrið leikið við okkur. Vonandi verður svo áfram því í næstu viku stefnum við á enn meiri útiveru þar sem hápunkturinn er á föstudaginn 5. september nk. en þá höldum við Fjölskyldudag Flóaskóla. Þá eru nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk hvött til að koma ríðandi á hestum í skólann. Dagskrá Fjölskyldudagsins hefst kl 9:30 og verður með fjölbreyttu sniði. Ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Boðið verður upp á andlitsmálningu, hestar verða teymdir undir börnum, farið verður í útileiki, hægt að prófa tálgun, þrautbrautir og fleira. Ef vel viðrar verður jafnvel kveikt upp í báli í útielidhúsinu okkar og grillað brauð. Hið árlega Flóamót sem er samstarfsverkefni skólans og Þjótanda verður einnig á dagskrá þennan dag.

Í sumar var unnið að endurnýjun á salernum í Þjórsárverri. Á haustmánuðum verður farið í stækkun á salnum í Þingborg með því að taka niður sviðið og gera um leið breytingar innanhúss til að bæta aðgengi fatlaðra að húsinu. Meðan á þessum framkvæmdum stendur verður aðstaða fyrir innanhússípróttir



sett upp í Félagslundi. Framkvæmdum hefur einnig verið framhaldið á skólalóðinni okkar. Í vor var skólaþing nemenda í 1.-5. bekk og þar var m.a. rætt um hvernig leiki nemendur vildu sjá málaða á skólalóðinni. Nú er búið að mála á lóðina fjóra leiki sem nemendur völdu. Allnokkuð hafði fallið til af mold við framkvæmdir á lóðinni í vor og sumar. Búið er að jafna hana út og 10. bekkur ásamt forráðamönnum tók að sér að þökuleggja svæðið og úr varð hin fínasta sleðabrekka.

Við sem störfum í Flóaskóla erum stolt af skólanum okkar og umhverfi hans, það gleður okkur því mikið að sjá íbúa sveitarinnar sameinast um hlúa að þessu hjarta samfélagsins.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla,
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Hrossaræktarferð

Stjórn Hrossaræktarfélagsins er að skipuleggja hrossaræktarferðalag um Rangárþing sem ætlunin sé að verði farin þann 25. október næstkomandi. Endilega takið daginn frá og við munum auglýsa ferðina frekar þegar nær dregur.

Vetrarstarfið

Vetrarstarf félagsins verður nokkuð í hefðbundnu formi. Aðalfundur, folaldasýning og uppskeruhátíð eru þessi hefðbundnu viðburði sem verða haldnir eftir áramót. Fólk er hvatt til að fylgjast með á heimasíðu eða þá á facebook til að vera inn í nýjustu fréttum af starfi félagsins. Við mun einnig að sjálfsögðu reyna að koma sem flestu í þetta góða fréttabréf sem Áveitan er.

Heimasíðan okkar er

www.hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com

Stjórn HRFF

Dagskrá mánaðarins:

Fundur Sveitarstjórnar	2. sept
60 + hittingur í Þjórsárveri	3. sept
Þjótandaæfingar mið/eldri	3. sept
Fjölskyldudagur Flóaskóla	5. sept
Flóamót umf Þjótanda	5. sept
Kirkjukórsæfingar hefjast í Þingborg	9. sept
Þjótandaæfingar mið/eldri	10. sept
Þjótandaæfingar yngri	12. sept
Fundur Sveitarstjórnar	16. sept
Þjótandaæfingar mið/eldri	17. sept
Þjótandaæfingar yngri	19. sept
Messa í Gaulverjarbæjarkirkju	21. sept
60 + hittingur í Þjórsárveri	24. sept
Þjótandaæfingar mið/eldri	24. sept
Þjótandaæfingar yngri	26. sept
Þjótandaæfingar mið/eldri	1. okt
Hrossaræktarferð	25. okt

